

Sþ.

339. Tillaga til þingsályktunar

[138. mál]

um framleiðslu á steinsteyptum kerjum til hafnabygginga.

Flm.: Jón Arnason, Sigurður Ágústsson, Alfreð Gíslason bæjarfógeti,
Matthías Á. Mathiesen, Einar Ingimundarson, Jónas G. Rafnar.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara athugun á því, hvort eigi sé hagkvæm aðstaða til þess á Akranesi að koma þar á fót framleiðslu steinsteyptra kerja til hafnabygginga víðs vegar um land.

Ef í ljós kæmi við slíka athugun, sem vænta má, að Akranes sé kjörinn staður til slíkra framkvæmda, mundi eðlilegt og hagkvæmt, að yfirstjórn hafnarmálanna hefði þessar framkvæmdir með höndum og sölu kerjanna.

Greinargerð.

Það er sennilegt, að engin þjóð, miðað við fólksfjölda, verji jafnmiklum fjárumunum til hafnabygginga og Íslendingar. Á hverju ári er varið tugmilljónum króna í þessu skyni, og með tilliti til þeirrar aukningar, sem nú á sér stað á skipaflota landsmanna, er fullvíst, að ekki verður slakað á í þessum efnunum.

Öll aðstaða til hafnarframkvæmda er hins vegar mjög mismunandi, og kemur þar margt til, t. d. hvort fyrir hendi er nærtækt gott byggingarefni, svo sem mól, grjót og sandur. Viðast hvar, þar sem ráðizt er í að byggja varanlegar hafnir, eru þær byggðar úr steinsteypu. Framkvæmdin við bygginguna er oftast sú, að strax og komið er út á nokkurt dýpi, eru steyp ker notuð. Verður þá að ráðast í dýrar framkvæmdir á hverjum stað, byggja undirstöður til þess að steypa kerin á og dráttarbrautir, sem þeim síðan er rennt eftir í sjó fram. Þennan kostnað mætti spara fyrir marga aðila með því að framleiða kerin á einum stað, þar sem góð aðstaða væri fyrir hendi, og fleyta kerjunum síðan til hinna ýmsu hafna.

Það er mjög sennilegt, að Akranes sé kjörinn staður til slíkrar framleiðslu. Í því sambandi má benda á, að þar er sementsverksmiðjan staðsett og því ekki um neinn flutningskostnað að ræða á sementinu, en auk þess er þar nærtækt úrvals steypuefni, sandur og mól, sem skiptir miklu máli í þessu sambandi.

Það er skoðun okkar flutningsmanna þessarar þingsályktunartillögu, að hér sé um mikið fjárhagslegt hagsmunamál að ræða, og því brýn nauðsyn, að fullkomin rannsókn verði látin fram fara samkvæmt því, sem tillaga þessi gerir ráð fyrir.